

Ed.

75. Frumvarp til laga

[42. mál]

um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði og heimildir til lántöku á árinu 1980 o. fl.

(Eftir 2. umr. í Ed., 21. des.)

1. gr.

Þar til fjárlög fyrir árið 1980 taka gildi, þó ekki lengur en til 15. febr., er ríkisstjórninni heimilt að greiða úr ríkissjóði til bráðabirgða í samræmi við ákvæði fjárlaga fyrir árið 1979, að teknu tilliti til almennrar verðlagsþróunar, öll venjuleg rekstrargjöld og önnur gjöld er talist geta til venjulegra fastra greiðslna ríkisins þótt ákveðin séu eða heimiluð til eins árs í senn. Þá er ríkisstjórninni heimilt að greiða úr ríkissjóði nauðsynlegar greiðslur til að standa við þegar gerða samninga vegna fjárfestinga ríkisins.

2. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt á árinu 1980 að stofna til tímabundins yfirdráttar á aðalviðskiptareikningi ríkissjóðs hjá Seðlabankanum vegna árstíðabundinna sveiflna í fjármálum ríkisins.

3. gr.

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs er heimilt að taka lán allt að jafnvirði 12 000 millj. kr. í erlendum gjaldeyri á árinu 1980 og verja andvirði þess að fengnu samþykki fjárveitinganefndar til framkvæmda á vegum ríkissjóðs og ríkisfyrirtækja eða endurlána til sveitarfélaga eða samtaka á þeirra vegum.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þeim erlendum ríkisborgurum eða ríkisfangslausu mönnum, er fengið hafa dvalar- eða landvistarleyfi hér á landi um tiltekinn tíma, er skylt að gera full skil á þinggjöldum sínum og útsvari fyrir brottför af landinu. Allir þeir, er hafa þá aðila er hér um ræðir í þjónustu sinni og greiða þeim laun fyrir starfa, eru skyldir til að halda eftir af kaupum launþega nægilegri fjárhæð til lúkningar gjöldum hans. Kaupgreiðandi, sem vanrækir að halda eftir af kaupum launþega, ber sjálfsskuldarábyrgð á greiðslu þess fjár.

Ráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um innheimtu samkvæmt þessu ákvæði.